

Berglind Guðmundsdóttir
Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar
Strandgötu 8-10
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 6. mars 2014

Aðalskipulag – nýtt golfsvæði Hafnfirðinga

Kæra Berglind,

Þakka þér og Sigríði fyrir góðan fund í hádeginu í dag með okkur Sveini Sigurbergssyni þar sem við ræddum um tillögu að staðsetningu fyrir nýtt golfvallarsvæði á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Eins og við ræddum, þá er staðsetningin eins og hún er útfærð á tillögunni ekki í samræmi við það sem við höfum rætt undanfarin ár og við förum yfir á fundi okkar með Skipulags- og byggingarráði í febrúar 2013 við góðar undirtektir allra sem sátu fundinn.

Svæðið sbr. tillögu er þykkur hraunbunki sem er erfitt og dýrt að vinna og við höfum farið vel yfir ástæður þess, s.s. í rökstuðningi í bréfi frá 28. apríl 2009. Afar mikilvægt er að nýtt golfsvæði verði á svæðinu vestan við Hvaleyrarvatn og nái svo upp að knattspyrnusvæði og áfram í vestur þar sem áður var fyrirhugað íbúðasvæði, en verður ekki. Þetta svæði er mun fegurra, farsælla og hagkvæmara til að byggja golfvöll á. Svo má svæðið ná út og upp í hraunbunkann til að ná því landsvæði sem golfvöllur þarfnast, um eða yfir 100 hektara.

Auk þess leggjum við til að næst Hvaleyrarvatni verði byggð þjónustumiðstöð (Golfskáli), sem gæti þjónað almennri útivist, þ.e. selt veiðileyfi í Hvaleyrarvatn, þjónað göngu- og hjólríðafólki og jafnvel hestamönnum.

Við þurfum að hugsa til 100 ára í svona máli - ef Hafnarfjörður ætlar að stækka og vera samkeppnishæfur við önnur sveitarfélög þá þarf að skipuleggja nýjan og áhugaverðan golfvöll í landi Hafnarfjarðar og hefja framkvæmdir vonandi á næstu 10 árum.

Við óskum því hér með eftir að núverandi tillögu verði breytt í samræmi við ofangreint og eins og við ræddum í dag, þá vísa ég til formlegs erindis okkar um málið dagsett 20. nóvember 2012, fundar okkar með Skipulags- og byggingarráði þann 5. febrúar 2013 og allra annarra samskipta sem við höfum átt um málið frá 2006.

Ég bið þig um að hika ekki við að hafa samband við mig og Svein ef við getum veitt einhverjar frekari upplýsingar.

Virðingarfyllst,



Hálfdan Karlsson